



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

28. nóvember 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum (kerfisáætlun), 305. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) telja mikilvægt að frumvarp þetta verði að lögum. Sérstaklega eru mikilvæg ákvæði frumvarpsins um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga þar sem tryggður er framgangur verkefna sem eru í þriggja ára staðfestri kerfisáætlun og að samræma eigi skipulag sveitarfélaga þannig að þar rúmist verkefni í 10 ára kerfisáætlun.

Flutningskerfi raforku er hluti af mikilvægustu innviðum landsins og örugg afhending raforku um land allt er nauðsynleg til að tryggja stöðugan rekstur fyrirtækja. Óviðunandi er að atvinnufyrirtækin búi við reglulega skerðingu á afhendingu orku og að hún bregðist ítrekað vegna bilana í flutningskerfinu. Ekki er heldur unnt að búa við að einstök sveitarfélög hindri nauðsynlega styrkingu og uppbyggingu flutningskerfisins með því að fresta því að gera ráð fyrir flutningslínunum í skipulagi sveitarfélagsins. Áhrifin af frestuninni koma ekki endilega fram á viðkomandi svæði heldur annars staðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að haft sé samráð um línustæði og lagnir til að tryggja að valin sé leið sem mesta sátt skapar.

Samtökin hafa hins vegar áhyggjur af gríðarlegum kostnaði sem fylgir fyrirhugaðri uppbyggingu flutningskerfis raforku. Landsnet hefur kynnt áætlanir sem benda til að heildarfjárfestingar næstu 10 ára geti orðið um 80 milljarðar króna. Samtökin telja því að við mat á framkvæmdum sem ætlunin er að ráðast í og í hvaða röð, verði að skoða arðsemi einstakra framkvæmda, áhrif á fjármögnunarkjör fyrirtækisins og ekki síst áhrif á gjaldskrár þess. Einnig þarf að huga að því að kostnaði við nýframkvæmdir vegna einstakra viðskiptavina sé ekki velt yfir á alla gjaldskrá fyrirtækisins.

Samtökin leggja til að tveir nýir málslíðir bætist við 3. mgr. 2. gr. a. (9. gr. a.) og hljóði svo: „Í kerfisáætlun skal einnig gera grein fyrir arðsemi og fjármögnun framkvæmda og áhrifum þeirra á gjaldskrár. Gæta skal ýtrustu hagkvæmni við uppbyggingu flutningskerfisins.“

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins